

## **Fundur í Nemendafélaginu 1. mars 2022 kl. 8:20**

Mættir: Júlía, Maron, Einar Ási, Berglind, Mattías, Stefanía, Guðbjörg og Sigga Lára

- Farið yfir fundargerð síðasta fundar og eftirfarandi rætt; iPadyfirferð tekur mun lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi, nemendur ánægðir með nýjan sófa í félagsrými, nemendur ekki enn búinir að finna peysur, hillurnar í félagsrými – ekki komið í framkvæmd.
- Drög að skóladagatali 2022 – 2023, kynning og umræður, drögin samþykkt í félaginu.
- Drög að Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar, kynning. Ákveðið að senda drögin á nemendur í unglingadeild svo þeir geti kynnt sér og komið með ábendingar og athugasemdir.
- Önnur mál: Er hægt að fá klakavél í matsalinn? Skólastjóri skoðar það. Fyrirspurn um að fá dúkkubörn, skólastjóri bað nemendur um að athuga hve margir í 9. og 10. bekk hefðu áhuga á slíku.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:50